

REGLUGERÐ

98

20. júní

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Patreksfjarðarkauptún, nr. 16 18. febr. 1944.

Á eftir 30. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:

Þar til hafnarsjóður hefur reist eða eignast á annan hátt hafnarmannvirki, sem nota má við afgreiðslu þeirra skipa, er til Patreksfjarðar koma að staðaldri, eða hefur gert mannvirki til sameiginlegra nota fyrir alla afgreiðslu á staðnum, svo sem hafnargarða, dýpkun o. s. frv., skal ekki taka gjöld þau, sem um ræðir í 23. gr., af neinum þeim vörum, sem fara um hafskipabryggjur í einkaeign á staðnum, né heldur bryggjugjöld af skipum, er nota bryggjur þessar.

Þó skal vörugjaldið innheimt af öllum vörum og fiski af bátum, sem geta lagzt að bátabryggju við höfnina, hvort sem þær eru í einkaeign eða hafnarsjóðs, með því að hafnarsjóður á þegar slíka bryggju.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 67/1942 til þess að öðlast gildi þegar í stað að birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

99

26. júní

fyrir Læknisvitjanasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps, í læknishéraði Austur-Húnavatnssýslu og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Bólstaðarhlíðarhrepps til læknisvitjana eða auðvelda þeim læknissóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsþúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynna að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Bólstaðarhlíðarhreppi og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar og jafnframt reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Bólstaðarhlíðarhrepps;
2. tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsþúa;
3. áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kann að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkir, sem veittir kunna að verða.

99

26. júní

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

6. gr.

Tillag rikissjóðs samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskyldu þriðjungsframlagi á móti, svo og læknisvitjanastyrk hreppsins samkv. 4. lið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknisvitjanastyrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki vænt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að hann telst þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið, án þess að stofna því í hættu, og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins, að þeir hreppsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi ver settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hreppsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 26. júní 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

100

REIKNINGUR

styrktarsjóðs læknishjónanna frú Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi, árið 1943.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 589	kr. 3827.83	
b. Hjá gjaldkera	— 12.34	
		kr. 3840.17
2. Gjafir og áheit á árinu	—	350.00
3. Vextir árið 1942, innfærðir á árinu	—	142.97
4. Gjöf stofnanda í árslok	—	200.00
		<hr/>
		Kr. 4533.14